

Greinargerð með tillögu um úttekt á þjónustumiðstöðvum, sem lögð er fram á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 15. júní 2015.

Meðal verksviða stjórnkerfis- og lýðræðisráðs er að gera tillögur til borgarráðs um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu. Sér í lagi er það meðal verkefna ráðsins samkvæmt starfsáætlun 2015 að móta tillögur til borgarráðs um aukið og skýrara hlutverk hverfisráða innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Ljóst er að eins og sambandi hverfisráða og þjónustumiðstöðva er háttar verður slík vinna ekki aðskilin frá því verkefni að skoða sögu og stöðu þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í því skyni að fá skýra mynd af því hvernig sambandi þeirra við hverfisráðin verður best háttar til framtíðar. Mikilvægt er að huga sérstaklega að því hver markmiðin með stofnun þjónustumiðstöðva voru á sínum tíma og hvernig til hefur tekist að ná þeim markmiðum.

Þann 24. júní 2004 samþykkti borgarstjórn tillögu stjórnkerfisnefndar um stofnun þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar. Í greinargerð með tillögunni kom fram að starfræktar skyldu fjórar nýjar þjónustumiðstöðvar auk þeirra tveggja sem fyrir voru. Með þessu var samþætt ýmis hverfisþjónusta sem starfrækt var fyrir, s.s. upplýsingamiðlun, afgreiðsla umsókna, félagsleg ráðgjöf, frístundir, skóla- og sérfræðiþjónusta, stuðningsþjónusta við heimili og hverfisstarf.

Skilgreind markmið með stofnun þjónustumiðstöðva voru eftirfarandi:

- Aðgengilegri þjónusta, íbúar geti snúið sér á einn stað með erindi sín.
- Markvissari þjónusta með samþættingu verkefna.
- Búa borgina undir framtíðina, m.a. að taka við fleiri verkefnum frá ríkinu.
- Betri samstarfsaðilar í hverfum við íbúa, frjáls félagsamtök og aðra grásrótarstarfsemi.

Þann 29. mars 2007 samþykkti borgarstjórn tillögu stjórnkerfisnefndar um að þjónustumiðstöðvarnar flyttust frá þjónustu- og rekstrarsviði undir stjórn velferðarsviðs og með þeim þeir starfsmenn sem heyrðu undir starfsemi þeirra. Var þetta veigamikil breyting og ástæða þykir til að skoða sérstaklega hvaða áhrif hún hafði á þau markmið sem lagt var upp með þegar þjónustumiðstöðvar voru stofnaðar.